

## AUGLÝSING

134

16. júlí

um breyting á samþykkt nr. 116 21. júní 1939 fyrir Fiskiræktar- og Veiðifélag Miðfirðinga.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Félagssvæðið er allar þær jarðir — ásamt afréttarlandinu Húksheiði — sem lönd eiga að Miðfjarðará og ám þeim, er í hana falla, að undanteknum þeim jörðum, sem land eiga eingöngu að Austurá fyrir framan Kambfoss. Þær jarðir, er félagið nær yfir, eru þessar:

Litli Ós, Stóri Ós, Syðsti Ós, Saurar, Ytri-Reykir, Syðri-Reykir, Efri Torfustaðir, Neðri Torfustaðir, Urriðaá, Ytra-Bjarg, Bjarg, Bjargshóll, Uppsali, Litli-bakki, Barkarstaðir, Barkarstaðasel, Skárastaðir, Núpsdalstunga, Efri Núpur, Þverá, Fosskot, Neðri Núpur syðri, Neðri Núpur ytri, Torfastaðir, Haugur, Litli-hvammur, Litlatunga, Giljaland, Skeggjastaðir, Dalgeirsstaðir, Lækjabær, afréttarlandið Húksheiði, Húkur, Kollafoss, Huppahlíð, Brekkulækur, Króksstaðir, Staðarbakki, Melstaður, Barð, Sandar.

Samþykktarbreyting þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsvæði, birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1951.*

**Hermann Jónasson.**

Árni G. Eylands.

## SAMÞYKKT

135

16. júlí

fyrir Veiðifélag Sæmundarár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Sæmundarár. Heimili félagsins og varnarþing er sama og formanns á hverjum tíma, enda sé hann búsettur á félagssvæðinu.

2. gr.

Verkefni félagsins eru: Að auka lax- og silungsgengd í Sæmundará og vatna-svæði hennar, og gera veiðina sem arðsamasta og árvissasta fyrir alla meðlimi félagsins. Þessum tilgangi vill félagið ná með eftirfarandi:

1. Friðun á laxi og silungi, eftir því sem þörf krefur.
2. Að settum reglum um veiðitæki og veiðiaðferðir verði framfylgt, svo sem lög mæla fyrir og samþykktir félagsins.
3. Óflun laxaseiða og gerð fiskvega, ef þörf krefur, að dómi sérfróðra manna.
4. Að stunda sameiginlega lax- og silungsvæðar.
5. Að koma upp eftirliti til að fyrirbyggja ólöglega veiði.

3. gr.

1. Félagssvæðið nær yfir allar þær jarðir, sem land eiga að Víkinni, Miklavatni og Sæmundará til Gýgjafoss.
2. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, sem um ræðir í fyrstu málsgrein